

Vífilsstaðir 100 ára

Ávarp Gunnars Einarssonar bæjarstjóra á afmælishátíð á Vífilsstöðum 5. september 2010

Það er merkilegt til þess að hugsa að áratugum áður en þéttbýli fór að myndast í Garðabæ reis hér á Vífilsstöðum eitt stærsta og veglegasta hús sem reist hafði verið á Íslandi. Á næstu áratugum, á meðan Garðahreppur var enn sveit, byggðist hér upp samfélag sem var að mörgu leyti einstakt og að miklu leyti sjálfbært. Fólkið sem hér lifði var einangrað frá umheiminum og barðist að auki við skæðan sjúkdóm sem lagði marga að velli. Aðstæður voru því afar óvenjulegar og það hefði mátt halda að hér hefði eymdin ráðið ríkjum. Einmitt vegna þess er sérlega skemmtilegt að greina í frásögnum þeirra sem hér dvöldu allla þá gleði sem þar skín í gegn. Vissulega var sorgin hér tíður gestur en flestum er einnig tíðrætt um rómantík, samheldni, menningu og ýmis framfaramál sem hér náðu fram að ganga t.d. í búskaparháttum.

Vífilsstaðir gegna mikilvægu hlutverki í huga Garðbæinga fyrir margra hluta sakir. Vífilsstaðir eru höfuðból og þar settist að einn af landnámsmönnum okkar, Vífill, sem var þá orðinn frjáls maður. Þetta glæsilega hús sem við erum stödd í dugar eitt og sér til að staðurinn veiki athygli og virðingu og þegar við bætist merkileg saga þess og stórbrotin náttúran hér í kring er ekki að undra að gildi þeirra sé mikið. Saga Vífilsstaða er merkileg fyrir svo margra hluta sakir eins og við höfum heyrt og lesið fróða menn og konur lýsa í tengslum við þessa afmælishátíð. Vífillstaðir eru til að mynda mjög merkilegir í sögu íslensks arkitektúrs, Rögnvaldur Ólafsson sem kallaður hefur verið fyrsti íslenski arkitektinn teiknaði húsið og var jafnframt byggingarmeistari þess. Við byggingu þess var jafnframt beitt ýmsum nýjungum í byggingargerð. Fyrsti Íslendingurinn sem lærði landlagsarkitektúr, Jón H. Björnsson, teiknaði trjágarðinn sunnan við aðalbygginguna. Jón sá fyrir sér að hægt væri að gera lækinn að náttúrulegu vatni eða tjörn. Það er gaman að geta þess að í aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 er gert ráð fyrir Vatnsmýrin og umhverfi hennar sunnan Vífilsstaða verði þróað áfram sem náttúrugarður og fléttist saman við garðinn við Vífilsstaði. Ráðgert er að færa Vífilsstaðalæk í upphaflegan farveg og viðhalda votlendi með tjörnum og hólmum. Þannig er framtíðarsýn okkar í dag í takti við draumsýn Jóns sem fær vonandi að rætast á næstu árum. Hér á Vífilsstöðum varð einnig stærsta bú á Íslandi. Búskapur þar sem nýjum aðferðum í landbúnaði var beitt og umsvifin voru meiri en tíðkaðist nánast alls staðar annars staðar.

Þegar þéttbýlið í Garðabæ fór að myndast eftir miðja síðustu öld var þannig þegar til heilt samfélag í bæjarlandinu sem var að mörgu leyti til efturbreytni. Þau gildi sem standa upp úr þegar lesið er um

sögu Vífilsstaða eru dugnaður, samheldni, framsýni og þrautseigja. Á Vífilsstöðum urðu sjúklingarnir sjálfir að sjá sér og öðrum fyrir skemmtunum og afþreyingu, þeir stofnuðu hagsmunafélag og frá árinu 1925 var þar til formleg fræðslu- og skemmtinefnd sem hélt uppi fjölbreyttu skemmti- og menningarstarfi. Einnig voru haldin námskeið þar sem menn deildu þekkingu sinni hver með öðrum og á Vífilsstöðum var meira að segja rekin fyrsta einkarekna útvarpsstöð landsins um tíma. Segja má að frumbyggjar í Garðabæ hafi tekið þessi gildi frá Vífilsstöðum og gert þau að sínum. Samheldni fólksins sem var að byggja upp nýjan bæ á þessum tíma gerði Garðabæ að þeim góða bæ sem hann er í dag. Hér fóru menn ekki troðnar slóðir heldur mótuðu skipulag sem var að mörgu leyti ólíkt því sem tíðkaðist - með framsýni að leiðarljósi og ávallt síðar hefur framþróun og fjölbreytt umbótaverkefni verið áberandi í starfi bæjarins. Garðbæingar eru enn í dag samheldnir og kannanir sýna að þátttaka í ýmsum félagsstarfi er almennari í Garðabæ en í mörgum öðrum bæjarfélögum. Ég tel því auðsýnt að arfleið Vífilsstaða og þess einstaka samfélags sem þar myndaðist lifi enn í Garðabæ í dag og þeim bæjarbrag sem þar er að finna.

Ekki er hægt að ræða um Vífilsstaði án þess að nefna þá náttúruperlu sem umhverfi staðarins er. Helgi Ingvarsson fyrrverandi yfirlæknir á Vífilsstöðum skrifaði í bréfi til stjórvalda árið 1967 að skipuleggja þyrfti land Vífilsstaða til almenningsheilla. Bæjaryfirvöld í Garðabæ eru fyllilega sammála þessari sýn Helga og hafa í því skyni látið friðlýsa Vífilsstaðavatn og umhverfi þess sem friðland til að komandi kynslóðir geti notið hér útvistar í fallegu umhverfi um ókomna tíð. Ég sé fyrir mér að hér verði hægt að reka heilsutengda starfsemi eins og Helgi yfirlæknir sá fyrir sér eða jafnvel að hér gæti orðið upplýsinga- og ferðamiðstöð þar sem gestum friðlandsins gæfist kostur á að kynna sér betur sögu staðarins og lífríki náttúrunnar hér í kring.

Allir yfirlæknarnir sem hér störfuðu voru frumkvöðlar á sínum tíma. Hér var fyrst tekist á við þann ægilega vágest sem berklarnir voru, hér voru menn í fremstu röð við að reyna ný lyf þegar þau komu til sögunnar og hér kom til starfa fyrsti íslenski lungnalæknirinn Hrafnkell Helgason sem vann umfangsmikið frumkvöðlastarf við uppbyggingu lungnalækninga á Íslandi. Í seinni tíð fór hér einnig fram viðamikið rannsóknarstarf á sviði kæfisvefns og ofnæmissjúkdóma. Davíð Gíslason stjórnaði ofnæmisrannsóknunum en rannsóknunum á kæfisvefni stýrði síðasti yfirlæknirinn í sögu Vífilsstaða sem sjúkrahúss, Þórarinn Gíslason. Allir yfirlæknarnir sem hér störfuðu hafa þannig verið frumkvöðlar í læknispjónustu og heilbrigðismálum á Íslandi.

Það var trú læknanna sem unnu hér að umönnun og lækningu berklasjúklinga löngu áður en lyf komu til sögunnar að hreint loft og hæfileg hreyfing væri mikilvæg í baráttunni við sjúkdóma. Í dag eru það almenn sannindi og ekki síður mikilvægi þessara þátta í forvarnaskyni gegn ýmsum

sjúkdómum. Hér gefst fólk í kostur á hvorutveggja og með friðlýsingunni hefur verið tryggt að svo verði til framtíðar.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem haf komið að undirbúningi og framkvæmd þessarar afmælishátíðar og vona að þið sem hingað eru komin njótið þess sem hér verður boðið upp á í dag.